



## REGLUGERÐ UM LEIKKORT

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til útgáfu og notkunar á leikkortum sem Golfsambands Íslands gefur út á hverju ári.

### 2. gr.

Leikkort eru ætluð sjálfboðaliðum í golfhreyfingunni og öðrum velunnurum hreyfingarinnar. Leikkortin skulu vera tvönnar konar. a. Sjálfboðaliðakort b. Leikkort GSÍ.

Golfklúbbar sem eru með fulla aðild að Golfsambandi Íslands og hafa greitt fyrri hluta árgjalds til golfsambandsins skv. 13. gr. laga GSÍ fá úthlutað 14 leikkortum. Þó skulu golfklúbbar, sem hafa fleiri en einn 18 holu keppnisvöll, fá úthlutað allt að 24 leikkortum. Með keppnisvelli er átt við golfvöll, 9 eða 18 holur sem metinn hefur verið til forgjafar. Séu tveir eða fleiri golfklúbbar með sama heimavöll skulu golfklúbbarnir skipta með sér kortunum. Golfklúbbarnir skulu sjálfir ráðstafa leikkortunum til félagsmanna sinna og skulu þeir senda lista til GSÍ með nöfnum korthafa.

Sjálfboðaliðakort heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera að fjárhæð kr. 2.000 fyrir hvern leikinn hring. Undir sjálfboðaliðakort falla sjálfboðaliðar golfklúbba, starfsfólk GSÍ, landsliðsfólk GSÍ og landsliðsþjálfarar.

Leikkort GSÍ heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera 50% af hæsta vallargjaldi fyrir hvern leikinn hring. Þó aldrei lægri en 2000 krónur fyrir hvern leikinn hring. Undir GSÍ leikkort falla fulltrúar fyrirtækja og samtaka sem eru í samstarfi við GSÍ og fjölmiðlafólk.

Stjórn Golfsamband Íslands hefur heimild til þess að úthluta allt að 140 sjálfboðaliðakortum og 210 GSÍ leikkortum.

Leikkort eru gefin út á nafn korthafa til eins árs í senn og ber korthafa að framvísa kortinu í hvert sinna sem hann notar kortið. Korthafar skulu framvísa persónuskilríkjum sé þess óskað.



GSÍ skal halda skrá yfir alla þá aðila sem fá leikkort og skal skráin ávallt vera uppfærð og aðgengileg á heimasíðu GSÍ.

Leikkort skulu vera einkennd með númeri til að auðvelda eftirlit með notkun þeirra.

### 3. gr.

Golfklúbbum er heimilt að takmarka notkun leikkorta þegar um hópskráningu teigtíma er að ræða og korthafi tilheyrir slíkum hópi. Hópur er skilgreindur fleiri en fjórir kylfingar.

Allar takmarkanir á notkun leikkorta skulu kynntar handhöfum kortanna t.d. með sérstakri tilkynningu á vefsíðu klúbbs eða annan þann hátt sem þykir nægjanlegur.

### 4. gr.

GSÍ skal senda golfklúbbum sérstaka færslubók og skulu þeir skrá í bókina alla notkun leikkorta. Í færslubókina skal skrá nöfn korthafa, númer kortanna, dagsetningu hvers leikins hrings og nafn gests, leiki hann með korthafa. Golfklúbbar skulu skila færslubókinni til skrifstofu GSÍ eigi síðar en 1. október ár hvert.

### 5. gr.

Misnotkun á leikkortum varðar missi þeirra og skal tilkynna um hana til skrifstofu GSÍ.

*Þannig samþykkt á Golfþingi 23. nóvember 2019.*